

L Ö G

um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 15 millj. króna. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 15 millj. króna í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnar Arnalds.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 42 13. maí 1977 og lög nr. 67 30. maí 1979.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 13. gr. orðist svo:

Leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa skulu bundin við veiðar á skarkola. Skal Hafrannsóknastofnunin gera tillögu til ráðherra um skipulag þeirra veiða, m. a. um aflamagn, veiðitíma og veiðisvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.